





Gildandi skipulag



Breytt skipulag

Mkv.: 1:10.000

Breyting á aðalskipulagi. Iðnaðarsvæði í Höfðaseli

Bæjarstjórn Akraness samþykkir eftirfarandi breytingu á aðalskipulagi Akraness 2012-2024.

Afmörkun iðnaðarsvæða í Höfðaseli er breytt til samræmis við tillögu að deiliskipulagi svæðisins.

- Svæði I-314 stækkar lítillega syðst upp að Höfðaselsholti. Önnur mörk eru óbreytt/litið breytt.
- Hluti svæðis I-316 er sameinaður I-315.
- Skjólbelti (SL-317) er felld út sem landnotkunarreitir. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir skjólbeltum meðfram götum og innan lóða.
- Dælustöð fráveitu verður innan I-315, ekki sérmerkt.
- Stígakerfi er uppfært miðað við deiliskipulagstillögu. Tengistígur færirst að nýrri götu, Grjótkeldufloa, og verður stofnstígur.

Breytingar á greinargerð

Breytingar eiga við kafla 3.7 Iðnaðarsvæði og 3.16 Skógræktar- og landgræðslusvæði.

Gildandi Skipulag:

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing*	Skipulagsákvæði
I-314	6,9	Iðnaðarsvæði við Höfðasel	Steypustöð og fleiri fyrirtæki. Svæðið ekki fullnýtt.	Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2.
I-315	7,5	Iðnaðarsvæði við Höfðasel	Sorp móttökustöð. Svæðið ekki fullnýtt.	Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2.
I-316	3,0	Iðnaðarsvæði við Höfðasel	Gamlir aflagðir öskuhaugar. Hugsanlega mengaður jarðvegur.	Lóðir fyrir geymslusvæði og opin athafnasvæði með lágmarks aðstöðuþyngingum. Nýting svæðisins ræðst m.a. af niðurstöðum jarðvegsrannsóknna.
SL-317	0,8	Skjólbelti og jarðvegsmanir umhverfis iðnaðarsvæði	Ógert	Skjólbelti og jarðvegsmanir utan um iðnaðarsvæði.

Breytt skipulag:

Svæði I-316 og SL-317 felld út.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing*	Skipulagsákvæði
I-314	7,8	Iðnaðarsvæði við Höfðasel	Steypustöð og fleiri fyrirtæki. Svæðið ekki fullnýtt.	Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2.
I-315	9,4	Iðnaðarsvæði við Höfðasel	Sorp móttökustöð. Svæðið ekki fullnýtt.	Úrgangsmeðhöndlun, geymslusvæði og dælustöð fráveitu. Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi sbr. kafla 3.1.2.

* Lýsing: Nauðsynlegar/gagnlegar upplýsingar um staðhætti eða skipulagslega stöðu við gerð skipulags eða breytingar og felur ekki í sér skipulagsákvæði.

Breytingar á skipulagsuppdrátti

Sjá inngang.

Umhverfismatsskýrsla

a) Yfirlit

Sjá inngang.

b) Líkleg umhverfisáhrif

Breytingar á afmörkun landnotkunarreitna og skilgreiningu þeirra hafa hvorki áhrif á vistkerfi, sem njóta sérstakrar verndar, né menningarminjar. Áhrif á framfylgd breytts skipulags eru þau sömu og óbreytt. Samkvæmt niðurstöðum jarðvegsrannsókna (COWI Island ehf. Niðurstöður jarðvegssýnatöku Höfðaseli. 3.7.2025) er jarðvegmengun á gömlu öskuhaugnum undir viðmiðunar mörkum fyrir iðnaðarsvæði. Ákvæði eru í deiliskipulagi um frekar jarðvegsrannsóknir, viðbúnað og viðbrögð vegna framkvæmda á svæðinu.

Líðir c – f) sbr. 14. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 eiga ekki við.

Breytingar á suðurmörkum svæðisins eru gerðar í samráði við og að ósk viðkomandi lóðarhafa. Breytingar hafa engin áhrif á hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og samráðsaðila þar sem meginbreytingar eru á óbyggðum hluta hverfisins. Breytingar fela í sér nánari úrvinnslu aðalskipulagsins og eiga ekki við meginatriði þess.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem er óveruleg sbr. ákvæði 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann 26.11.2025

Haraldur Benediktsson
bæjarstjórinn á Akranesi

Afgreiðsla bæjarstjórnar var auglýst þann

02.12.2025

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 8. desember 2025

Gudrun Leiva Eiríksdóttir

BREYTING

04

Verk: 11-975/25-897
Dags: 11.7.2025

TEIKNA
TEIKNISTOFA ARKITEKTA
KAUPANGI VMYRARVEG
600 AKUREYRI
SÍMI 461 5508
NETFANG: arni@teikna.is